

Stjórnarfundur Rauða krossins við Eyjafjörð, haldinn í Viðjulundi þriðjudaginn 13. september kl. 17.00. Fundinn sátu: Gunnar Frímannsson formadur, Karen Malmquist varaformaður, Jón Baldwin Hannesson ritari, Kristín Björk Gunnarsdóttir gjaldkeri, aðalmennirnir Gísli Kort Kristófersson, Hilmar Friðjónsson, Konráð Karl Baldvinsson, Kristjana V. Valgeirsdóttir og Sigríður Stefánsdóttir og varamennirnir Fjóla Valborg Stefánsdóttir og Jovana Kotaras.

### 1. Staða deildarinnar og rekstur

Deildarstjóri gerir grein fyrir 6 mánaða uppgöri og rekstri deildarinnar á undanförnum mánuðum. Aukning á verkefnum er töluverð, einnig tekjur og styrkir því samfara og jafnframt rekstrarkostnaður. Lítur samt vel út ef endurskoðuð áætlun stenst.

### 2. Formannafundur

Formannafundur verður haldinn 5. Nóvember 2022. Deildir geta gert tillögur um fundarefni á formannafundi en hann situr formaður deilda og væntanlega verður deildarstjóri áheyrnarfulltrúi. Auk þess situr Sigríður Stefánsdóttir, stjórnarmaður okkar og varaformaður Rauða krossins, fundinn. Stjórnarfólk Eyjafjarðardeilda getur gert tillögur um umræðuefni með hliðsjón af því hvernig stefna Rauða krossins og framkvæmd hennar horfir við Eyjafjarðardeild. Í þessu samhengi getum við tekið upp umræður um stefnu deildarinnar þar sem frá var horfið sl. haust. Rætt var um eftirtalin efni:

- A. Vefur RK, skipulag vefjar og aðgengi að upplýsingum, birting fundargerða, upplýsingar um skiplag og verkefni RK, reglur um skiptingu á sameiginlegum tekjum ofl.
- B. Skýrsla um leiðir RK til tekjuöflunar, skortir umræðu og ákvarðanir
- C. Styrking deildastarfs, ekki síst á fámennari svæðum
- D. Verkaskipting deilda og landsskrifstofu í ýmsum mikilvægum málum
- E. Efling neyðarvarna og hlutverkaskipting aðila.
- F. Neyðarbeiðnir og viðbrögð við þeim

### 3. Framlag Eyjafjarðardeilda vegna neyðarbeiðni

Stjórnin staðfestir framlag vegna hungursneyðar í Austur-Afríku sem meirihluti stjórnar samþykkti í tölvupósti um miðjan júní sl. Fundarmenn samþykka framlagið.

### 4. Önnur mál

- A. Kertasala á Akureyrarvöku gekk vel. Tekjur voru 358 þús. og fóru til flóttamannaverkefni og skaðaminnkun, skipt jafnt til þeirra.
- B. Aðsókn í frú Ragnheiði hefur aukist mjög mikið. Nauðsynlegt að koma upplýsingum um þessa þróun út í samfélagið. Talið er mikilvægt að kaupa æðaskanna til að nota með skjólstæðingum. Hugmynd að safna sérstaklega fyrir skannanum.
- C. Leigusamningar fyrir karlakór og hundasnyrtingu eru í vinnslu en á eftir að ganga frá og undirrita.

*SK* *JF* *KB*  
*JBH* *KBH*

- D. Erindi barst frá starfsmanni MA. Eru með hóp nýbúa sem þarfnaðast aðstoðar við íslenskuaðstoð í verkefnum sínum. RK getur ekki séð um að útvega kennara til starfa. Rætt var almennt um þörf á stuðningi við nýbúa í íslensku á starfssvæðinu.
- E. Rætt um samstarf RK og Fjölsmiðjunnar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19:50

Gunnar Þorvaldsson  
Jón Ólafsson  
Sigurður Óskarsdóttir  
Kristján Bjark Gunnarsdóttir  
Jón B. Hannesson  
~~Jónas Ólafsson~~  
Kristján J. Valgeiði,  
Kyrn Þorláksgata